



LJÓMA

Ljómarallý í Skagafirði 29. júlí 2023 - Sérreglur 3. umferð Íslandsmótsins í Rally 2023

GREIN 1 KEPPNIN

- 1.1 Keppnin heitir Ljómarallý í Skagafirði og er 3. umferð Íslandsmótsins í Rally 2023.
- 1.2 Keppnin er haldin samkvæmt Reglubók FIA ásamt viðaukum hennar, keppnisgreinareglum AKÍS fyrir Rally og sérreglum þessum.
- 1.3 Keppnin fer fram í Skagafirði og nágrenni 29. júlí 2023, skv. auglýstri dagskrá.
- 1.4 Keppnin verður ekki haldin ef færri en tíu (10) skráningar berast fyrir lok skráningarfrests.
- 1.5 Ljómarallý í Skagafirði 2023 er einn áfangi.

GREIN 2 KEPPNISHALDARI

- 2.1 Keppnishaldari er Bílklúbbur Skagafjarðar.

GREIN 3 FRAMKVÆMDANEFND / KEPPNISSTJÓRN

3.1 Framkvæmdanefnd / keppnisstjórn:

Keppnisstjóri: Heiða Björg Friðjónsdóttir, s: 863 8045, netfang: heidafr@gmail.com

Brautarstjóri: Baldur Haraldsson, s: 893 2441, netfang: hendill@simnet.is

Starfsmannastjóri og tengiliður keppenda: Katrín María Andrésdóttir, s: 893 1363, netfang: km@simnet.is

Umhverfisfulltrúi: Guðmundur Kr. Sigurbjörnsson, s: 892 4677, netfang: gsb@vegagerdin.is

Benjamín Þór Sverrisson, S: 773 7559, netfang: melkot1@outlook.com

Elísabet Sigríður Kolsöe Ágústsdóttir, s: 620 3061, netfang: betula1981@hotmail.com

Laufey Rún Sveinsdóttir, S: 867 3070, netfang: larun@mail.holar.is

GREIN 4 KEPPNISFLOKKAR

Keppt verður í eftirtöldum flokkum:

- 4.1 Heild
 - 4.1.1 Flokkur A
 - 4.1.2 Flokkur B
 - 4.1.3 Flokkur C - AB Varahlutaflokkur
 - 4.1.4 Flokkur E – Eindrif 1000 m³

4.1.5 Flokkur E – Eindrif 1400 m³

4.1.6 Flokkur E – Eindrif X

4.1.7 Flokkur J – Jeppaflokkur

4.2 Ökutæki þurfa standast öll skilyrði þess flokks sem þau eru skráð í til að geta tekið þátt í keppninni.

GREIN 5 SKRÁNING

5.1 Engin takmörk eru á fjölda ökutækja sem geta skráð sig til keppni.

5.2 Skráning fer fram í gegnum rafrænt skráningarform á vef AKÍS.

5.3 Skráning hefst þegar opnað hefur verið fyrir skráningar á vefnum mot.akis.is.

5.4 Skráningu lýkur þann 23. júlí 2023, kl. 22:00:00.

5.6 Almennt keppnisgjald (skráningargjald) er kr. 17.500 per/ökumann, samtals kr. 35.000 per/áhöfn. Að auki greiða þátttakendur gjald til AKÍS fyrir keppnisskírteini og félagsgjald til síns akstursíþróttafélags.

5.7 Skráningargjald skal greitt í gegnum rafrænt skráningarform á vef AKÍS um leið og skráð er til keppni.

5.8 Skráning og greiðsla keppnisgjalds og viðbótargjalds sem AKÍS innheimtir, felur í sér:

a. þátttökurétt í keppninni.

b. keppnisskírteini keppanda og áhafnar, útgefið af AKÍS, ef við á.

GREIN 6 TRYGGINGAR

6.1 Öll ökutæki sem þátt taka í keppninni skulu hafa gilda frjálsa ábyrgðartryggingu.

6.2 Ökumenn slysatryggja sig að auki, á eigin vegum og eigin forsendum eftir því sem þeim sjálfum þykir við eiga.

GREIN 7 KEPPNIS- OG ÖKUSKÍRTEINI

7.1 Ökumenn skulu hafa gild ökuréttindi í að minnsta kosti flokki B samkvæmt reglugerð Samgöngustofu um ökuskírteini nr. 830/2011.

7.2 Ökumenn skulu framvísa gildu ökuskírteini við mætingu á keppnisstað og hvenær sem þess er krafist á meðan keppni stendur.

7.3 Keppendur og ökumenn skulu kynna sér reglur Reglubókar FIA varðandi nauðsynleg keppnisskírteini til þátttöku í akstursíþróttakeppni sem þessari.

GREIN 8 UPPLÝSINGATAFLA

8.1 Upplýsingatafla keppinnar er rafræn. Hún er aðgengileg á vefsvæði keppinnar á vefsíðu AKÍS.

8.2. Á upplýsingatöflu keppinnar birtast allar tilkynningar til keppenda og ökumanna, ákvarðanir dómnefndar og annað sem skylt er, eða þarft, að miðla til þeirra.

GREIN 9 SKYLDUR KEPPENDA OG ÖKUMANNA

9.1 Keppendur og að minnsta kosti einn úr hverri áhöfn skulu mæta á alla keppendafundi á þeim tímum sem auglýstir eru í dagskrá og sitja þá til enda.

9.2 Sé keppandi og/eða ökumaður ekki á fundi getur það varðað brottvísun úr keppni.

9.3 Keppendur eru minntir á rétt sinn til að leggja fram kærur og eftir atvikum áfrýjun, samkvæmt Reglubók FIA og keppnisgreinarreglum fyrir Rally.

GREIN 10 ÚRSLIT

13.1 Úrslit ákvarðast samkvæmt keppnisgreinarreglum AKÍS um rally.

13.2 Bráðabirgðaúrslit verða birt á upplýsingatöflu keppinnar samkvæmt tímaáætlun.

13.3 Lokaúrslit eru birt á upplýsingatöflu keppinnar þegar dómnefnd hefur staðfest þau.

GREIN 11 VERÐLAUN

11.1 Verðlaun verða veitt fyrir 1., 2. og 3. sæti yfir heildina.

11.2 Fyrir flokka þar sem þátttakendur (áhafnir) eru þrír eða fjórir er veitt viðurkenning fyrir 1. sæti.

11.3 Fyrir flokka þar sem þátttakendur (áhafnir) eru fimm eða fleiri er veitt viðurkenning fyrir 1., 2. og 3. sæti.

GREIN 12 EMBÆTTISMENN OG STARFSMENN

GREIN 12.1 DÓMNEFND

12.1.1 Dómnefnd skipa Aðalsteinn Símonarson, sem jafnframt er formaður hennar, Garðar Gunnarsson, Kolbrún Vignisdóttir, Linda Dögg Jóhannsdóttir og Kristinn Snær Sigurjónsson.

GREIN 12.2 HELSTU STARFSMENN

12.2.1 Keppnisstjóri er Heiða Björg Friðjónsdóttir.

12.2.2 Brautarstjóri er Baldur Haraldsson.

12.2.3 Starfsmannastjóri og tengiliður keppenda er Katrín María Andrésdóttir.

12.2.4 Umhverfisfulltrúi er Guðmundur Kristján Sigurbjörnsson.

12.2.5 Skoðunarmaður er Sigurjón Árni Pálsson.

12.2.6 Öryggisfulltrúi er Atli Jóhann Einarsson.

GREIN 12.3 STAÐREYNDADÓMARAR

12.3.1 Nöfn og staða staðreyndadómara verða birt á upplýsingatöflu keppinnar fyrir ræsingu fyrsta bíls.

GREIN 13 KÖNNUN SÉRLEIÐA

13.1 Reglur um könnun sérleiða (leiðaskoðun) taka gildi þegar skráningarfrestur hefst, samkvæmt dagskrá keppinnar.

13.2 Tilkynna þarf **fyrirfram** um leiðaskoðun með tölvupósti á netfangið ljomarally@gmail.com. Í tilkynningu komi fram hvenær áhöfn hyggst leiðaskoða, svo og númer, litur og gerð skoðunarþreifreiðar.

13.3 Heimilt er hverri áhöfn í leiðaskoðun að fara tvær ferðir (í hvora átt) um hverja sérleið, þ.e. tvær ferðir í hvora átt um Mælifellsdal og Vesturdal. Gæta skal varúðar og virða umferðarreglur.

13.4 Brotum á framangreindum reglum og takmörkunum vegna leiðaskoðunar verður vísað til dómnefndar, viðurlög skv. grein 3.3.7 í keppnisgreinarreglum fyrir Rallý.

GREIN 14 VIÐGERÐIR

14.1 Viðgerðir og þjónusta við keppnistæki er heimil á meðan á keppni stendur nema:

a. Í parc fermé s.s. í tímastöðvum, fyrir ræsingu og á meðan á kærufresti stendur.

b. Milli sérleiða nr. 5 (Vesturdalur 1) og 6 (Vesturdalur 2).

c. Þar sem keppnisreglur bjóða annað.

d. Brotum á framangreindum ákvæðum verður vísað til dómnefndar og getur varðað brottvísun úr keppni.

GREIN 15 OFURLEIÐ

15.1 Ofurleið í Ljómarallý 2023 er sérleið nr. 6, Vesturdalur 2.

GREIN 16 AUGLÝSINGAR

16.1 Keppnishaldari mun nýta rétt sinn samkvæmt grein 7.3.1 og 7.3.2 í keppnisgreinarreglum fyrir rally til að selja auglýsingar á ökutæki.

16.2 Þau svæði sem keppnishaldari hyggst nýta eru framhurðum keppnistækja.

GREIN 17 SAMSKIPTI

17.1 Allt starfsfólk keppinnar annast verkefni sín í sjálfböðavinnu.

17.2 Starfsfólk skal leitast við að sinna störfum sínum af kostgæfni, með fagmennsku og ánægju allra sem að keppnishaldinu og umgjörð þess koma, að leiðarljósi.

17.3 Keppendum, áhöfnum og aðstoðarfólki þeirra **ber að sýna starfsfólki, og öðrum sem tengjast keppnishaldinu og umgjörð þess, virðingu og kurteisi. Óíþróttamannsleg hegðun getur varðað brottvísun úr keppni og/eða öðrum refsingum**, sbr. m.a. grein 3.6.7. í keppnisgreinarreglum fyrir Rallý og 12.2.1 í reglum FIA.